

Ed.

277. Frumvarp til laga

[131. mál]

um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands, er veitist í fyrsta sinn frá 15. september 1954 að telja.

Um prófessor þenna gilda að öllu sömu reglur og um prófessora þá, sem fyrir eru við háskólann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Háskólaráð gerði hinn 5. október 1951 svofellda ályktun varðandi læknadeild háskólans:

„Háskólaráð hefur kynnt sér tillögur læknadeildar um nýja skipun embætta og fellst á, að mikil þörf sé nú á stofnun embættis í lífeðlis- og lífefnafræði og sömuleiðis í lyfjafræði, en telur, að eðlilegt sé, að breytingar þær á embættum, sem að öðru leyti er gert ráð fyrir í tillögunum, komi til framkvæmda áður en langt um líður.“

Ríkisstjórnin hefur orðið ásátt um að leggja til við Alþingi, að stofnað verði sérstakt prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði.

Embætti þetta veitist þó eigi fyrr en frá 15. september 1954 að telja, svo að þeim, sem við starfinu tekur, veitist tóm til að búa sig sem best undir það.

Hér fer á eftir greinargerð prófessorsins í líffæra- og lífeðlisfræði til háskólaráðs um málið:

„Þegar núverandi prófessor í líffæra- og lífeðlisfræði tók við kennslu 1937, voru kenndar 10 stundir á viku í líffæra- og lífeðlisfræði. Þá var engin kennsla í lífefnafræði og engin verkleg kennsla í lífeðlisfræði. Nemendafjöldinn í læknadeild hafði þá undanfarandi 5 ár (1932—37) verið að meðaltali um 69, og að jafnaði innrituðust á því árabili 16 á ári.

Nú er kennslan í ofangreindum fögum 19 stundir á viku. Síðustu 5 árin (1946—1951) voru að meðaltali 156 nemendur í læknadeild, og árlega innrituðust um 44 nýliðar. Hins vegar útskrifaðist líkur læknafjöldi bæði fimm ára bilin. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd, að nú sækja nær þrefalt fleiri nemendur kennslu í fyrsta hluta en 1937, og er nú svo komið, að nær ógerningur er að sjá þessum nemendafjölda fyrir verklegri kennslu, sökum skorts á nægum tækjafjölda og kennslukrafti. Verklega kennslan er þó minni en æskilegt væri.

Líffærafræði ásamt vefjafræði og fósturfræði annars vegar og lífeðlisfræði og lífefnafræði hins vegar eru hvort um sig það stór fög, að fullkomið starf er að kenna og halda sér við í einu þeirra. Enda þekki ég engan háskóla annan en okkar, sem ekki hefur aðalkennara í hverju þessara faga, auk eins eða fleiri aðstoðarkennara eftir nemendafjölda. Viðast í Norðurlöndunum eru prófessorarnir fjórir í þessum fögum, sá fjórði í vefjafræði og fósturfræði eða vefjafræði og erfðafræði mannsins.

Háskólinn er hvort tveggja í senn, undirbúningsskóli fyrir embættismenn og visindastofnun. Það hlýtur því að vera krafa hans, engu síður en til hans, að þannig sé búið að starfsmönnum hans, að þeirri eigi einhvern tíma aflögu til sjálfstæðra rannsókna.

Af ofansögðu má ljóst vera, að líffæra-, lífeðlis- og lífefnafræði eru umfangsmeiri og kennslufrekari fög en svo, að hægt sé að ætlast til, að einn kennari geti

annað kennslu í þeim öllum svo viðunandi sé. Enda mun enginn kennari háskólans kenna jafnmargar stundir á viku og kennarinn í líffæra- og lífeðlisfræði, og mun 4—6 stunda kennsla á viku vera talin fullkomin kennslustundafjöldi í öðrum deildum háskólans en læknadeild og verkfræðideild. Hér við bætist svo, að kennarinn í líffærafræði þarf að halda við og auka líffærasafn deildarinnar. Það þarf naumast að taka það fram, að stundirnar, sem aflögu verða til að sinna safninu eru allt of fáar fyrir jafn nauðsynlegt kennslutæki og safnið er.

Það verða því tilmæli mín, að kennslustörfum mínum verði skipt milli tveggja prófessora, þannig að ég hefði áfram kennslu í líffærafræði, vefjafræði og fósturfræði, en að stofnað yrði nýtt prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði. Vegna þess að rannsóknarstofur þær, er ég hef nú til umráða, eru ekki til tvískiptanna, þá er nauðsynlegt að sjá hinum nýja kennara fyrir rannsóknarstofum. Enda var læknadeild fyrir löngu ljóst, að hún myndi þurfa á auknu húsnæði að halda á næstunni, því að þegar háskólinn var reistur, var gert ráð fyrir, að húsnæði það, sem Húsmæðrakennaraskóli Íslands er nú í til bráðabirgða, yrði til ráðstöfunar fyrir læknadeild. Það liggur því beinast við, að tilvonandi kennari í lífeðlis- og lífefnafræði fái það húsnæði til afnota. Nú mun ekki völ á neinum manni, sem gæti tekið við hinu nýja embætti án frekari undirbúnings, og mun ekki ofætlað að gera ráð fyrir allt að tveggja ára undirbúningstíma. Þess er ekki að vænta, að nokkur læknir fái til að leggja út í þennan aukakostnað, nema hann eigi að vísri atvinnu að hverfa að loknu námi.

Það er því áriðandi, að heimild fyrir þessu embætti fái þegar á þessu þingi, með því yrði þó tíminn, þar til hinn nýi kennari gæti tekið til starfa, allt að því þrjú ár, og er það það lengsta, sem ég get hugsað mér að þrauka við óbreyttar aðstæður.“